



Stjórn SSH 384. fundur

Mánudaginn 10. desember 2012 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Snorri Finnlaugsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Jón Gnarr Kristinsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson og Guðný Ívarsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Dagur B. Eggertsson formaður framtíðarhóps SSH og Pálmi Másson. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málafni skíðasvæðanna.

Fyrir fundinum lá tillaga vegna reksturs skíðasvæðanna á árinu 2013, ásam tillögu að breyttri kostnaðarskiptingu milli aðildarsveitarfélaganna og tillaga að gerð eigendastefnu og nýs samstarfssamnings vegna reksturs skíðasvæðanna.

Umræður

Niðurstaða:

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu leggur til eftirfarandi við samstarfssveitarfélögin varðandi rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins:

Á árinu 2013 verði miðað við að rekstur skíðasvæðisins í Bláfjöllum verði með svipuðu sniði árið 2012, og að Skálafell verði opið um helgar, sbr. fyrirbyggjandi tillögu stjórnar skíðasvæðanna þar um.

Á árinu 2013 fari um stjórnun, fjármál og starfsmannamál samkvæmt því sem segir í gr. 1.,2. og 4. í núgildandi samningi dags. 21. júlí 2008.

Kostnaðarskipting milli sveitarfélaga vegna reksturs taki mið af íbúafjölda í sveitarfélögum 1. des. 2012.

Á árinu 2013 vinni framtíðarhópur SSH að mótun tillagna um framtíðarform á reksturs og stjórnunar skíðasvæðanna, og jafnframt verði gerð ný samþykkt fyrir stjórn skíðasvæðanna.

Nýr samningur milli sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna taki síðan gildi frá og með 1. janúar 2014.“



Ofangreind tillaga stjórnar SSH byggist á fyrirliggjandi rekstrartillögu stjórnar skíðasvæðanna og neðangreindri skiptingu rekstrarframlaga á milli aðildarsveitarfélaganna.

| Sveitarfélag | | Rekstrarframlag |
|----------------|---------------|-----------------|
| Reykjavík | 58,5% | 81.456 |
| Kópavogur | 15,3% | 21.353 |
| Seltjarnarnes | 2,1% | 2.951 |
| Garðabær | 6,7% | 9.382 |
| Hafnarfjörður | 13,0% | 18.127 |
| Mosfellsbær | 4,3% | 6.050 |
| Samtals | 100,0% | 139.319 |

Jafnframt leggur stjórn SSH að fyrirliggjandi áætlun um stofnkostnað vegna reksturs skíðasvæðanna upp á 50 m. króna verði tekin til frekari skoðunar og metið hvort, og að hve miklu leyti er hægt að finna henni rúm innan fyrirliggjandi fjárhagsáætlana aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2013

2. Málafni Bláfjallafólkvangs

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins.

Umræður

Niðurstaða

Eftirfarandi var samþykkt vegna málsins:

„Stjórn SSH beinir því til þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að Bláfjallafólkvangi að kjósi fulltrúa í stjórn fólkvangsins ssem sé (eftir atvikum) sá sami og í stjórn Reykjanesfólkvangs (eigi þau slíkan fulltrúa). Þar með væri stigið fyrsta skrefið í að sinna fólkvanginum og gera það í samhengi við Reykjanesfólkvang. Næsta skref væri að sameina stjórnir fólkvanganna formlega.“

3. Jarðvegsnámur og efnistaka – úttektir vegna framkvæmdaleyfa

Lagt fram erindi VSÓ þar sem vakin er athygli á kvöð um starfsleyfi fyrir opnar námur og vegna efnistöku

4. Sóknaráætlun landshluta

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir skiptingu þeirra fjármuna sem Landshlutasamtökum sveitarfélaga eru ætlaðir á árinu 2013 til verkefna í tengslum við gerð sóknaráætlana landshluta.

Framlaga til höfuðborgarsvæðisins mun nema 76,1 m. króna á árinu 2013



5. Önnur mál

- a) Fyrir lá erindi frá Landssambandi hestamannafélaga vegna mögulegrar aðkomu sveitarfélaga að skráningu reiðleiða og kortasjár.

Umræður

Niðurstaða.

Stjórn telur eðlilegt að málið verði skoðað í samhengi við vinnu svæðisskipulagsstjóra og fagráðs vegna gagnagrunna fyrir svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Þessi stjórnarfundur var sá síðasti með aðild Sveitarfélagsins Álftaness. Af því tilefni fluttu Snorri Finnlaugsson og Pálmi Mátsson stjórn SSH þakkir og kveðjuorð, en Bessastaðahreppur, forveri Álftaness var eitt af stofnsveitarfélögum SSH 1976.

Stjórnarmenn tóku undir þakkir Álftnesinga

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50